

# FRÉTTABRÉF GRÓTTU

Áfram Gróttu

## Í þessu blaði:

- Fyrstu ár Gróttu
- 50 ára afmælið
- Hvað er framundan?
- Myndir úr starfinu

## Mánaðarlegt fréttabréf

Framvegis mun Íþróttafélagið Gróttu gefa út mánaðarlegt fréttabréf, í kringum mánaðarmót. Tilgangurinn er að auka upplýsingaflæði um starfsemi íþróttafélagsins og koma á framfæri þeim viðburðum sem framundan eru.

Það er von okkar að Gróttufólk og Seltirningar allir taki þessari nýjung frá félaginu vel. Myndir í blaðinu eru teknar af Eyjólf Garðarssyni, ljósmyndara.

## Fyrstu ár Gróttu

Undirritaður Óskar öllu Gróttufólki til hamingju með 50 ára afmælið. Ekki hefði mig órað fyrir því að þessi litli bolti sem ég byrjaði á yrði að þessu stórveldi sem það er í dag.

Upphafið má rekja til þess þegar við hjónin fluttum á Seltjarnarnesið árið 1963 eða 1964. Fljótlega eftir að við fluttum fór ég ásamt nokkrum strákum að leika okkur í fótbolta á kvöldin á túninu fyrir framan Tryggvastaði, sem nú er Lindarbraut 27. Ekki leið á löngu þar til strákunum fjölgaði og á tímabili voru 127 strákar á aldrinum 7-12 ára að æfa fótbolta. Á þessum tíma var ekkert íþróttafélag á Seltjarnarnesi.

Þarna byrjaði boltinn að rúlla. Stefán Ágústsson sem þá átti tvo stráka í hópnum kom að máli við mig og spurði hvort við ættum að stofna fótboltafélag og fór sú vinna strax í gang. Fyrsta verk var að finna nafn á Íþróttafélagið og hrópaði þá einhver úr hópnum Gróttu. En mér var mikið í mun að nafnið vísaði til einhvers kennileitis á Nesinu.

Félagið var öflugt frá byrjun. Leiknir voru leikir gegn nágrannafélögum. Við skráðum öll úrslit, hverjir léku leikina og skoruðu mörkin. Allt var skráð í tvær bækur sem því miður fundust síðar í ruslatunnu á Nesinu, sem var leitt því þarna voru merkar heimildir.


Sigurgeir bæjarstjóri var okkur hliðhollur frá upphafi og veitti Seltjarnarnesbær styrk til kaupa á boltum og búningum. Næsta verk var að hanna búninga félagsins og var ákveðið að búningurinn yrði hvítur, með bláum kraga og líningum, bláar buxur og bláir sokkar. Fyrsta merki félagsins var teiknað af eiginkonu minni, Önnu Maríu Sampsted. Hún saumaði merkið í allar treyjur Gróttu fyrst um sinn. Nokkru síðar var Guðberg Auðunsson, auglýsingateiknari, fenginn til að hanna merki félagsins eins og það er enn þann dag í dag.

Margir efnilegir drengir voru að æfa fótbolta á upphafsárunum. Ég er þess fullviss að nokkrir þeirra hefðu getað náð mjög langt ef þeir hefðu haldið áfram fótboltaíðkun, þar má meðal annars nefna Magnús Halldórsson, Gunnar Ey., prest á Stykkishólmi og Axel Friðriksson. Kristján Halldórsson lék með unglingslandslíði Íslands.

Gróttu fékk tvo meistaratitla á þessum árum. Gróttumeistarar 5. fl — B lið og eru tveir meðlimir þess liðs enn í Old-boys Gróttu en það eru þeir Frans Ploder og Ólafur Garðarsson. Gróttu fékk einnig UMSK meistaratítil í 4. flokki með sigri á Breiðabliki í úrslitaleik en leikurinn fór 1-0. Kristján Halldórsson (Sissi) skoraði sigurmarkið með skalla og var eftir það kallaður Gullskalli.

Gróttukveðja,

Garðar Guðmundsson



## 50 ára afmæli Gróttu

Þann 24. apríl næstkomandi fagnar Íþróttafélagið Gróttu 50 ára afmæli sínu. Fyrirhuguð er vönduð afmælis dagskrá í kringum þennan merkisviðburð.

Mánudaginn 24. apríl munum við bjóða öllu Gróttu-fólki og öðrum velunnurum félagsins til afmælisveislu í íþróttahúsi Gróttu. Boðið verður upp á afmælisöku, vegleg myndasýning frumsýnd og leikir fyrir börn og fullorðna.



Laugardagskvöldið 29. apríl mun fara fram stórdansleikur í íþróttahúsi Gróttu með engum öðrum en Páli Óskari. Miðasala á þann viðburð hefst innan skamms en vonandi munu Seltíringar allir fjölmenna á ballið og fagna afmælinu. Á myndum á þessari síðu má sjá nýja afmælisbúninga félagsins og efst í horni fréttabréfsins má sjá nýtt afmælismerki Gróttu sem Elsa Nielsen hannaði. Nánari dagskrá afmælisins verður birt innan skamms.



## Hvað er framundan?

- Lau 11. mars — Haukar-Gróttu kl. 14.00 — Lengjubíkar karla (fótbolti)
- Lau 11. mars — Haukar-Gróttu kl. 15.00 — Olís deild kvenna (handbolti)
- Lau 11. mars — Haukar-Gróttu kl. 17.00 — Olís deild karla (handbolti)
- Fim 16. mars — Afturelding-Gróttu kl. 19.30 — Olís deild karla (handbolti)
- Fös 17. mars — Víkingur R.-Gróttu kl. 19.00 — Lengjubíkar karla (fótbolti)
- Mán 20. mars — FH-Gróttu kl. 19.30 — Olís deild karla (handbolti)
- Fös 24.– sun 26. mars — Bikarmót í áhaldafimleikum — Fimleikafélagið Björk
- Lau 25. mars — Gróttu-Selfoss kl. 13.30 — Olís deild kvenna (handbolti)
- Lau 25. mars — Fjölnir-Gróttu kl. 15.15 — Lengjubíkar kvenna (fótbolti)
- Lau 25. mars — Valur-Gróttu kl. 16.00 — Olís deild karla (handbolti)
- Fim 30. mars — Gróttu-FH kl. 19.00 — Lengjubíkar karla (fótbolti)
- Fim 30. mars — Gróttu-Stjarnan kl. 19.30 — Olís deild karla (handbolti)
- Fös 29. mars-2. apríl — Íslandsmót í þrepum — Ármann